

17. desember 1976.

775

Nr. 408.

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.29. Gjald þetta skal frá og með 18. desember 1976 nema kr. 19.96 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 18. desember 1976. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensíni er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 316/1976 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 18. desember 1976, skal greiða kr. 1.58 af hverjum lítra slíkra birgða, sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur umráð yfir 300 lítrum af bensíni eða meira þann 18. desember 1976 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensíninnflytjendum og bensín-sölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 18. desember 1976.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 23. desember 1975 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi 18. desember 1976. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 316 19. ágúst 1976.

Fjármálaráðuneytið, 17. desember 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Jón Sigurðsson.

13. desember 1976.

Nr. 409.

AUGLÝSING

um breytingu á flugreglum, sbr. auglýsingu nr. 415 11. sept. 1975.

Vegna breytingar nr. 20 á viðbæti nr. 2 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 2, „Rules of the Air“), eru hér með gerðar breytingar á flugreglum, samkvæmt 5. og 89. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, og birtar voru sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 415 11. september 1975 um setningu flugreglna.